

ÁFANGALÝSING:

Í þessum áfanga er lögð áhersla á að auka enn akademískan og formlegan orðaforða ásamt lesfærni sem undirbúningur fyrir framhaldsnám á háskólastigi og atvinnulíf. Vandlegur lestur sérhæfðra texta ásamt viðeigandi orðaforða. Hlustun á fyrirlestra og fluttar kynningar. Ritun og þýðingar. Alþjóðleg stöðupróf kynnt. Lesin klassísk skáldsaga.

MARKMIÐ:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu á:

- almennum fagorðaforða á háskólastigi.
- orðstofnum, uppruna þeirra og myndun fagorða.
- helstu menningarsvæðum þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða annað mál.
- alþjóðlegum matsprófum t.d. TOEFL

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- skilja sér til gagns sérhæfða og fræðilega texta.
- greina megininntak texta, rökfærslu og draga ályktanir.
- orðmyndun.
- nýta sér fyrirlestra og umræður um fræðileg efni.
- tjá sig af öryggi um ýmis málefni.
- beita ritmálinu í mismunandi tilgangi t.d. með útdráttum, umritun, ritgerð.

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér fræðitexta og leggja gagnrýnið mat á hann.
- umrita og gera útdrátt úr fræðigreinum eða fyrirlesturum.
- geta flutt vel uppbyggða kynningu eða greinargerð, dregið fram aðalatriði og brugðist við fyrirspurnum.
- rita texta með röksemdafærslu með og á móti og þau vegin og metin.

KENNSLUGÖGN:

Academic Reading

Academic Vocabulary

Góð ensk-ensk eða ensk-íslensk orðabók

Annað efni af neti eða ljósrit

fjölrit í bóksölu F.Su.

fjölrit í bóksölu F.Su.

NÁMSMAT:

Áfanginn er án hefðbundins lokaprófs. Áfanganum verður skipt í fjórar 4 vikna lotur þar sem hver vika verður helguð ákveðnu viðfangi. Hverri 4 vikna lotu lýkur með prófi úr námsefninu (vægi samtals 40%). Hver nemandi undirbýr og flytur a.m.k. eina kynningu í kennslustund (20%). Skáldsögupróf og ritgerð (20%). Önnur verkefnaskil og ástundun (20%)

Skilaskylda er á öllum verkefnum. Einkunn lækkar um 1,0 fyrir hvern dag sem verkefnaskil dragast. Minnt skal á að ritstuldur er stranglega bannaður.

Fjölbrautaskóla Suðurlands 15.8. 2015

Kennari: Helgi Þorvaldsson